Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
7. janúar 2010
1. tbl. · 27. árg.

„Aldrei fengið fallegri gjöf“

„Ég get ekki ímyndað mér nein önnur verðlaun sem ég myndi frekar vilja fá,“ segir Halldór Gunnar Pálsson nýkrýndur Vestfirðingur ársins 2009 í miðopnu. Halldór er kórstjóri vestfirska karlakórsins Fjallabræðra sem sló heldur betur í gegn á árinu sem var að líða. Í viðtalinu segir hann m.a. frá tilurð kórsins og hvaða þýðingu verðlaunin hafa fyrir hann.

Halldór Gunnar Pálsson tekur við viðurkenningu og farandgrip í tilefni útnefningarinnar. Með honum á myndinni eru þær Dýrafinna Torfadóttir, gullsmiður frá Gullauga á Ísafirði og Thelma Hjaltadóttir blaðamaður.

Kórstjórinn sigraði með yfirburðum

Vestfirðingur ársins 2009 samkvæmt vali lesenda fréttavefjarins bb.is er Halldór Gunnar Pálsson, 28 ára tónlistarmaður og kórstjóri á Flateyri. Halldór Gunnar hefur á undanförnum árum getið sér gott orð sem tónlistarmaður og á síðasta ári sem kórstjóri og aðal driffjöður karlakórsins Fjallabræðra, sem sló rækilega í gegn á árinu. Halldór Gunnar fékk 55,4% greiddra atkvæða í kjörinu en á fimmta hundrað atkvæði bárust. Hann þykir duglegur, skemmtilegur og mikill sjarmör ef vitnað er í ummæli kjósenda um hann. „Hann hefur kynnt Vestfirði frábærlega með kórnum sínum og verið góð auglýsing fyrir Vestfirði. Þá er hann frábær tónlistarmaður, prúðmenni í alla staði og sýnir vestfirskan dugnað í verki. Hann er sómi Vestfjarða, sverð og skjöldur," eins og lesendur bb.is orðuðu það.

Í öðru sæti á vali Vestfirðingi ársins 2009 varð annar Önfirðingur, Jakob Einar Jakobsson. Um Jakob Einar höfðu lesendur bb.is eftirfarandi að segja: „Vakti athygli á þörfu málefni er hann hjólaði hringinn í kringum landið gegn einelti. Er Vestfjörðum ávallt til sóma, frábær fyrirmynd. Í þriðja sæti var Ísfirðingurinn ungi, Matthías Vilhjálmsson, sem leikið hefur knattspyrnu undanfarin ár með FH með góðum árangri. Um Matthías sögðu lesendur bb.is: „Hefur skipað sér á stall með bestu knattspyrnumönnum landsins, frábær fótboltamaður sem er stoltur af sínum heimabæ, hefur unnið alla titla í íslenskri knattspyrnu, góð fyrirmynd fyrir unga Vestfirðinga."

Í fjórða sæti varð hlauparinn og jógakennarinn Martha Ernstsdóttir á Ísafirði. Um Mörthu höfðu lesendur bb.is eftirfarandi að segja: „Hefur haft mikil áhrif á viðhorf til hreyfingar og útivistar, kröftug kona sem er góð fyrirmynd, frábær manneskja. Fékk alla Ísfirðinga og nágranna til að fara að hreyfa sig, hefur óþrjótandi jákvæðni og bjartsýni." Í fimmta sæti í kjörinu á Vestfirðingi ársins varð Hallgrímur Sveinsson, bókaútgefandi með meiru á Þingeyri. Um Hallgrím höfðu lesendur bb.is eftirfarandi að segja: „Hefur að dugnaði haldið úti bókaútgáfu í 15 ár. Hefur unnið óeigingjarnt starf í þágu Vestfjarða af ánægju og þrautseigju. Hefur lagt áratuga vinnu í varðveislu á sögu og menningu fjórðungsins."

Í næstu fimm sætum urðu einstaklingar: Vilborg Arnardóttir í Súðavík, karlakórinn Fjallabræður, Peter Weiss hjá Háskólasetri Vestfjarða, Anton Helgi Guðjónsson kylfingur á Ísafirði og Bergmann Ólafsson, framkvæmdastjóri á Ísafirði. Alls fengu 72 einstaklingar atkvæði í kosningunni en á fimmta hundrað manns tóku þátt í kjörinu. Þeir einstaklingar sem voru í fimm efstu sætunum fengu 70% greiddra atkvæða Næstu fimm fengu 7% greiddra atkvæða og aðrir minna.

Áður hafa fengið nafnbótina Vestfirðingur ársins þau Egill Kristjánsson (2008), Arna Sigríður Albertsdóttir (2007), Sunneva Sigurðardóttir (2006), Sigríður Guðjónsdóttir (2005), Örn Elías Guðmundsson – Mugison (2004), Magnús Guðmundsson (2003), Hlynur Snorrason (2002) og Guðmundur Halldórsson (2001).

Halldór Gunnar tók við viðurkenningu í tilefni útnefningarinnar á Gamlársdag sem og eignar- og farandgrip sem smíðaður er af Ísfirðingnum Dýrfinnu Torfadóttur gullsmið. Aðstandendur valsins á Vestfirðingi ársins 2009, Gullauga á Ísafirði, hugbúnaðarfyrirtækið Eskill hf., í Reykjavík og fréttavefurinn bb.is, þakka lesendum þatttökuna og óska þeim velfarnaðar á árinu 2010.

– bb@bb.is

Eftirtaldir einstaklingar / aðilar fengu atkvæði í valinu á Vestfirðingi ársins 2009: Inga María Guðmundsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Matthías Vilhjálmsson, Vilborg Arnardóttir, Fjallabræður, Benedikt Sigurðsson, Þorbjörn Steingrímsson, Elvar Logi Hannesson, Jón Guðbjartsson, Peter Weiss, Hallgrímur Sveinsson, Martha Ernstsdóttir, Halldór Gunnar Pálsson, Anton Helgi Guðjónsson, Bergmann Ólafsson, Sigurður Sveinsson, Magnús Hauksson, Ragney Líf Stefánsdóttir, Emil Pálsson, Sigrún Gerða Gísladóttir, Sigurður Arnfjörð Guðmundsson, Eiríkur Örn Norðdahl, Steinunn Friðriksdóttir, Hjalti Hermann Gíslason, Lára Thorarensen, Guðmundur M. Kristjánsson, Guðni A. Einarsson, Helga Sigurgeirsdóttir, Ásgeir S. Sigurðsson, Ásgeir Sveinsson, Elías Jónatansson, Davíð Kjartansson, Úlfar Ágústsson, Hulda Björk Veturliðadóttir, Steingrímur Þorgeirsson, Júlíus Thomassen, Margrét Gunnarsdóttir, Sigríður Steinunn Axelsdóttir, Salmar Már Salmarsson, Ágúst Atlason, Magnús Reynir Guðmundsson, Helga Theodóra Jónasdóttir, Valdimar Gunnarsson, Magnús Erlingsson, Hjálmar Forni Sveinbjörnsson, Kristján Haraldsson, Björn Davíðsson, Halldór Hermannsson, Gísli Einar Sverrisson, Ásthildur Cesil Þórðardóttir, Gerður Eðvarðsdóttir, Einar Örn Konráðsson, Baldur Geirmundsson, Ragna Aðalsteinsdóttir, Kristbjörn Sigurjónsson, Sigríður Jóna Sigurjónsdóttir, María Hrafnhildardóttir, Árni Heiðar Ívarsson, Birgir Örn Sigurjónsson, Önundur Pálsson, Jóhannes Kristjánsson, Sigmundur Þórðarson, Ævar Einarsson, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Jón Guðni Pétursson, Soffía Vagnsdóttir, Eiríkur Finnur Greipsson, Georg Ingvason, Hildur Hálfdánardóttir, Arna Sigríður Albertsdóttir, Bræðurnir að Núpi í Dýrafirði og Kærleikshópurinn á Patreksfirði.

Ummæli lesenda um fimm efstu í kjörinu á Vestfirðingi ársins 2009

Halldór Gunnar Pálsson:
„Aðal driffjöður Fjallabræðra – Duglegur, skemmtilegur og mikill sjarmör – Hefur kynnt Vestfirði frábærlega með kórnum sínum – Góð auglýsing fyrir Vestfirði – Sýnir vestfirskan dugnað í verki – Snillingur í alla staði – Sómi Vestfjarða, sverð og skjöldur – Prúðmenni í alla staði – Ötull forsvarsmaður í jákvæðri umfjöllun um Vestfirði – Hefur tengt Vestfirðinga betur saman en Vegagerðin – Frábær tónlistarmaður – Snillingur sem á lof skilið – Einstaklingur sem gleymir ekki uppruna sínum – Gull af manni – Minnir fólk á hvað það er frábært að vera Vestfirðingur og Flateyringur – Hrikalega duglegur og hugmyndaríkur strákur – Fjallabróðir besti – Hefur aukið hróður Vestfirðinga meðal landsmanna – Hefur stýrt Fjallabræðrum með harðri hendi og pungnum – einstakur persónuleiki – yndisleg mannvera.“

Jakob Einar Jakobsson:
„Hjólaði hringinn í kringum landið gegn einelti – Vakti athygli á þörfu málefni – Er Vestfjörðum ávallt til sóma – Frábær fyrirmynd – Auk afreks sumarsins hefur hann verið fremsti skíðagöngumaður landsins um tíma sem og Íslandsmeistari – Algjört gæðablóð og vel að þessum titli kominn.“

Matthías Vilhjálmsson:
„Hefur skipað sér á stall með bestu knattspyrnumönnum landsins – Frábær fótboltamaður sem er stoltur af sínum heimabæ – Hefur unnið alla titla í íslenskri knatt-spyrnu – Góð fyrirmynd fyrir unga Vestfirðinga – Stóð sig frábærlega með FH í sumar – Hann er snillingur eins og pabbinn.“

Martha Ernstsdóttir:
„Hefur haft mikil áhrif á viðhorf margra til hreyfingar og útivistar – Hefur innleitt hreyfingu og yoga á Vestfjörðum – Kröftug kona sem er góð fyrirmynd – Frábær manneskja – Fékk alla Ísfirðinga og nágranna til að fara að hreyfa sig – Hefur óþrjótandi jákvæðni og bjartsýni – Flottur karakter.“



Hallgrímur Sveinsson:
„Hefur af dugnaði haldið úti bókaútgáfu í 15 ár – Hefur unnið óeigingjarnt starf í þágu Vestfjarða, af ánægju og þrautseigju – Hefur lagt áratuga langa vinnu í varðveislu á sögu og menningu fjórðungsins – Ódrepandi atorka við að halda úti vestfirskri bókaútgáfu með einstakri reisn.“

Fleiri karlmenn en konur á Vestfjörðum

Karlmenn eru í meirihluta íbúa á Vestfjörðum eða 3.789 á móti 3.574 konum. Karlmenn eru fleiri í nær öllum sveitarfélögum utan Árneshrepps og Kaldrananeshrepps þar sem kynin er í nákvæmlega jöfnum hlutföllum. Í Ísafjarðarbæ eru konur 1.934 á móti 1.963 körlum. Í Bolungarvík eru 449 og 519 karlar. Í Reykhólahreppi eru 148 karlmenn og 144 konur. Í Tálknafjarðarhreppi eru konurnar 15 færri eða 141 talsins. 455 konur eru í Vesturbyggð á móti 483 karlmönnum.

Í Súðavíkurhreppi eru 108 karlar og 97 konur. Í Strandabyggð eru 281 karlmaður á móti 225 konum. Lítil breyting hefur verið á kynjahlutföllunum milli ára en fjöldi kvenna stendur í stað en karlar eru 11 færri en á sama tíma á síðasta ári. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um íbúafjölda 1. desember.

Eins og fram hefur komið hefur Vestfirðingum fækkað um 0,1% milli ára eða úr 7.374 í 7.363. Landsmenn voru 317.593. Ári áður var íbúafjöldi 319.756 og er fækkun milli ára því um 2.163 íbúa eða 0,7%.

– thelma@bb.is

Stoltir foreldrar ásamt piltunum.

Mikil frjósemi í Móholti

Íbúum við Móholt á Ísafirði fjölgaði um fjóra á síðasta ári, sem er nú kannski ekki í frásögur færandi, nema fyrir það að um er að ræða drengi sem allir litu dagsins ljós það árið. Þykir það sæta tíðindum í ekki stærri götu en Móholti, að fjögur börn fæðist á sama ári og af sama kyni. Stoltir foreldrar eru Hildur Halldórsdóttir og Guðjón Torfi Sigurðsson, Elín Hólm og Marteinn Svanbjörnsson, Harpa Grímsdóttir og Gunnar Páll Eydal og Tinna Hrund Hlynsdóttir og Hlynur Steinn Þorvaldsson.

Fasteignasalar sáttir

Fasteignasala á norðanverðum Vestfjörðum var með ágætum á síðasta ári. „Það var rólegt yfir markaðnum fram á vor þegar hann tók við sér og þó það hafi verið fremur rólegt síðasta mánuð ársins erum við ánægðir með árið. Miðað við aðstæður var salan mun meiri en ég bjóst við,“ segir Guðmundur Óli Tryggvason, fasteignasali hjá Fasteignasölu Vestfjarða. Aðspurður segir hann erfitt að spá fyrir um hvernig fasteignasala verði á næsta ári. „Það fer eftir svo miklu, þar spilar inn í hvort ástandið skáni í þjóðfélaginu þó það hafi ekki snert okkur jafn mikið og á höfuðborgarsvæðinu. En fólk þarf alltaf að kaupa sér fasteignir og þegar lítið selst eitt árið safnast upp ákveðin þörf.“

Að sögn Guðmundar Óla hefur fasteignaverð staðið nokkurn veginn í stað í ár. „Ég hef ekki orðið var við annað en að það hafi verið stöðugt. Það er þó mismunandi eftir bæjarfélögum og eftirspurn. Í sumum bæjum er mikil eftirspurn og þá hækkar verðið en svo getur salan verið í lágmarki í næsta bæ og þá lækkar verðið eftir því.“

Árið 2007 var mjög gott ár á fasteignamarkaðinum á Vestfjörðum líkt og annars staðar á landinu en árið 2008 þótti hins vegar rólegt og mjög lítið um hreyfingar fram að vori í ár. Borið hefur nokkuð á því að gamlir Vestfirðingar, búsettir á höfuðborgarsvæðinu, séu í fasteignakaupahugleiðingum fyrir vestan með það að markmiði að flytja aftur á heimaslóðir og líklegt að framhald verði á því á næstu misserum.

– thelma@bb.is

Skráningin gengur vel

Skjalaskráningar verkefnin sem unnin eru í Héraðsskjalasafninu á Ísafirði ganga vel, að sögn Jónu Símoníu Bjarnadóttur, skjalavarðar. Tvö verkefni eru í gangi, annars vegar verkefni fyrir utanríkisráðuneytið, sem tveir starfsmenn vinna við, og svo hins vegar skráning á sýsluskjalasöfnum en þar eru fjögur stöðugildi og fimm starfsmenn.

Verkefnið fyrir utanríkisráðuneytið var áætlað til fjögurra ára en sýsluverkefnið til tveggja. „Okkur virðist sem sýsluverkefnið og svo verkefni á vegum ríkissaksóknara, sem kom til okkar stuttu fyrir jól, komi til með að endast okkur fram á sumar en í augnablikinu er óvíst um framhald eftir það," segir Jóna Símonía..

Endurnýjaður samningur

Ísafjarðarbær hefur endurnýjað verkefnasamning við Héraðssamband Vestfirðinga. Í samningnum kemur fram að Ísafjarðarbær felur HSV að taka að sér skilgreind verkefni á vegum bæjarfélagsins. Markmiðið með samningnum er að renna enn styrkari stoðum undir íþrótta- og æskulýðsstarfsemi á vegum HSV.

Verkefnin sem héraðssambandinu eru falin eru af ýmsum toga svo sem þrif á fjörum, þrif eftir áramót, umsjón með ýmsum verkefnum á Skíðaviku, umsjón með knattspyrnusvæði, umsjón með golfvöllum, vinna við 17. júní og fleira.

Heimilt að selja prestsetur

Fjármálaráðherra hefur verið heimilað að selja átthagafélagi gamla prestshúsið á Stað í Aðalvík. Þetta kemur fram í fjárlögum fyrir árið 2010. Staður er eyðibýli, fyrrum prestssetur og kirkjustaður í Aðalvík við Staðarvatn. Staðarkirkja í Aðalvík er eina kirkjan á Hornströndum. Átthagafélög Sléttuhrepps á Ísafirði og í Reykjavík hafa frá árinu 2006 staðið fyrir viðamiklum viðgerðum á kirkjunni og hefur sjálfboðaliðum verið boðið að gista á prestsetrinu á meðan dvöl þeirra í Aðalvík stendur.

Inn að beini

Haukur Magnússon, ritstjóri Reykjavík Grapevine

Haukur Magnússon ritstýrir tímaritinu Reykjavík Grapvine sem fjallar um menningu og viðburði og er ætlað ferðamönnum. Haukur er einnig gítarleikari hljómsveitarinnar Reykjavík!

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?
Wó, heví spurning.
Hvar langar þig helst að búa?
Ég bara veit það ekki!
Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?
Núna í fyrradag. Djöfull var gaman.
Mestu vonbrigði lífs?
Þegar ég tapaði í ritgerðarkeppni um að fá að fara ókeypis til Japan. Djöfull var ég súr.
Mesta uppgötvunin í lífi þínu?
Ég er vonandi ekki búinn að uppgötva hana. Það væri glatað að fatta allt fyrir þrítugt.
Uppáhaldslagið?
Shaking the blues away!
Uppáhaldskvikmyndin?
Ég hef heví gaman af Waking Life eftir Richard Linklater. Mæli með henni.
Uppáhaldsbókin?
Life After God e. Douglas Coupland. Mæli með henni.
Ógleymanlegasta ferðalagið?
BNA veturinn 2007. Það var ótrúlegt ferðalag.
Uppáhaldsborgin?
Austin, Texas. Rosaleg borg. Mæli með henni.
Besta gjöfin?
Lífgjöf foreldra minna. Mæli með henni.
Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?
Þokkalega. Allt vaðandi í þessu.
Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?
Jójósins.
Fyrsta starfið?
Líklegast blaðberi. En ég segi löndunarmaður.
Draumastarfið?
Fjármálaráðherra.
Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?
Lady GaGa.
Fallegasti staðurinn á Íslandi?
Ísafjarðardjúp.
Skondnasta upplifun þín?
Andrésar Andar leikarnir á Akureyri árið 1993, þegar mér tókst að klúðra öllum tilraununum mínum. Hverri og einni einustu. Þá var nú gaman að vera til.
Aðaláhugamálið?
Lestur. Og lestir.
Besta vefsíðan að þínu mati?
Ég hef mjög gaman af hyperlink www.hipsterrunoff.com www.hipsterrunoff.com. Hlæ og hlæ þegar ég les hana.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?
Kurteis og duglegur.
Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?
Kurteisi og dugnaður.
En helsti löstur?
Ég er of hógvær. Sennilega hógværasti maður í Evrópu.
Besta farartækið?
Timbos skórnir mínir og vel hlaðinn æpod.
Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?
Sprengidagur. Ég dýrka saltkjöt.
Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?
Hálfdáns Bjarka Hálfdánssonar
Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?
Þórshamar.
Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?
Milli miðnættis og ca fjögur um nóttina.
Í hvaða stjörnumerki ertu?
Vatnsberamerkinu.
Lífsmottóið þitt?
„Betra er að hafa byssu og þurfa hana ekki, en að þurfa byssu og hafa hana ekki."

Áramótunum var fagnað undir bláu tungli í blíðskaparveðri á norðanverðum Vestfjörðum. Tunglskinið sá um að lýsa upp fjallagarðana þar til skoteldarnir tóku við en himininn var undirlagður litasprengjum af ýmsum gerðum er nær dró miðnætti. Hugtakið blátt tungl er notað um það þegar fullt tungl er tvisvar í sama mánuði. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1990 sem áramótatunglið er blátt en einnig var fullt tungl 2. desember.

Gaf fimm milljónir til kaupa á sneiðmyndatæki fyrir FSÍ

Fyrirtækið Klofningur ehf., hefur veitt Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði fimm milljóna króna styrk til kaupa á nýju sneiðmyndatæki. Árið 2006 komu saman aðilar á Ísafirði og hófu söfnun fyrir tölvusneiðmyndatæki fyrir FSÍ. Í kjölfar söfnunarinnar var keypt notað tæki, sem hefur sannað gildi sitt og nauðsyn þess að slíkt tæki sé til staðar í fjórðungnum. Tækið fékkst fyrir upphæð sem var brot af því söfnunarfé sem þá náðist saman. Nú hefur verið ákveðið að endurnýja tækið og gamla tækið mun væntanlega ganga upp í kaupverð þess. Leitað hefur verið einstaklinga og fyrirtækja víðs vegar um land sem hafa svara kallinu af miklum myndugleg leik eins og sést með framlaginu sem Guðni A. Einarsson afhenti fyrir hönd Klofnings rétt fyrir áramót.

Óðinn Gestsson og Guðni Einarsson afhenda hér styrkinn til forsvarsmanna FSÍ og forsvarsmanna söfnunarinnar sem hófst árið 2006.

Klofningur er í eigu flest allra sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum, allt frá Patreksfirði norður að Djúpi. Er það með starfsstöðvar Brjánslæk, Tálknafirði, Ísafirði og Suðureyri. „Við lítum á þetta sem styrk til allra íbúa á Vestfjörðum," segir Guðni. Við afhendinguna nefndu forsvarsmenn söfnunarinnar að allur stuðningur sé vel þeginn og þeir sem vildu sýna þessu máli áhuga gætu lagt inn á reikning nr: 1128-05-1144.

Sneiðmyndatækið hefur komið sér vel, fyrsta árið nýttist það í rannsóknum á 255 manns en það var aðeins í notkun frá júní. Árið eftir var það nýtt fyrir 376 manns sér það, 456 árið 2008 en í ár nýttist það við rannsóknir á 265 manns frá janúar til júlí en þá bilaði það.

– thelma@bb.is

Íslandspóstur hf

Atvinna

Starfsmaður óskast á pósthúsið á Ísafirði.

Allar nánari upplýsingar gefur stöðvarstjóri í síma 456 5000.

Skipulagsstofnun hefur ákveðið að fyrirhugað þorskeldi Álfsfells ehf., í allt að 900 tonn á ári í Skutulsfirði, skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Stækkun á þorskeldi Álfsfells í Skutulsfirði háð umhverfismati

Skipulagsstofnun hefur ákveðið að fyrirhugað þorskeldi Álfsfells ehf., í allt að 900 tonn á ári í Skutulsfirði, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað eldi kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á vísbendingum um að núverandi eldisstarfsemi í Skutulsfirði hafi nú þegar haft neikvæð áhrif á botndýralíf og líkur á að aukning á þorskeldi úr 200 tonnum í allt að 900 tonna ársframleiðslu muni auka umtalsvert álag á botndýralíf svæðisins frá því sem nú er. Þá liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um styrk hafstrauma á eldissvæðinu og í nágrenni þess og mögulega þynningu úrgangs frá fyrirhugaðri starfsemi. Einnig liggur ekki fyrir mat á burðargetu svæðisins.

Álfsfell ehf. hefur verið með þorskeldi í sjókvíum í Skutulsfirði frá árinu 2002 og starfsleyfi fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu. Fyrirhugað er að stækka eldið í allt að 900 tonna ársframleiðslu. Markmið framkvæmdarinnar sé að gera áframeldi á þorski að arðbæru aleldi í framtíðinni og í sátt við umhverfið. Fyrirhugað er að kvíar fyrir eldisfisk verði átta talsins, staðsettar að vestanverðu í firðinum um 800 metra frá landi.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar kom fram að frá því að áframeldi Álfsfells hófst árið 2002 hafa svæði undir kvíum ekki verið hvíld. „Ekki hefur verið gerð áætlun um að hvíla sjávarbotn undir kvíum reglubundið, né hve lengi í senn, svo draga megi úr neikvæðum áhrifum eldisins á botndýralíf," segir í niðurstöðu stofnunarinnar.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur er til 30. janúar 2010. Úrskurð Skipulagsstofnunar má lesa í heild á vef hennar.

– thelma@bb.is

Spurningin

Hvernig leggst árið 2010 í þig?

Alls svöruðu 714.
Vel sögðu 506 eða 71%
Illa sögðu 208 eða 29%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Útlit fyrir suðlægar áttir. Bjartviðri á norðaustur og Austurlandi og frost 1-8 stig, annars skýjað, slydda eða rigning og hiti 0-6 stig. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir suðlægar áttir. Bjartviðri á norðaustur og Austurlandi og frost 1-8 stig, annars skýjað, slydda eða rigning og hiti 0-6 stig.**Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir suðlægar áttir áfram með rigningu SV-lands.

Ritstjórnargrein

Vestfirðingur ársins 2009

Bæjarins besta heilsar nýju ári með kynningu á vali lesenda BB og bb.is á manni ársins 2009, níunda árið í röð sem BB gengst fyrir útnefningunni. Í gegnum árin hafa þessar vestfirsku hetjur, sem blaðið kýs að kalla svo, komið úr hinum ýmsu geirum mannlífsins.

Að þessu sinni tóku á fimmta hundrað manns þátt í kosningunni. Mun fleiri en fyrir ári. Alls voru 72 tilnefndir. Að auki skal þess getið að sigurvegarinn hlaut afgerandi kosningu.

Þótt ætla megi í fljótu bragði að veðurfar um áramótin og val á Vestfirðingi ársins eigi lítið sameiginlegt þá er það nú samt sem áður svo að í báðum tilfellum er um gleðigjafa að ræða. Gamla árið kvaddi með vetrarveðri eins og það gerist fegurst og nýja árið heilsaði ekki síður. Slíkt gleður sinni fólks. Það gerir líka Vestfirðingur ársins, sem glatt hefur þúsundir landsmanna.

Vestfirðingur ársins 2009 er Önfirðingurinn Halldór Gunnar Pálsson, hljómlistarmaður og kórstjóri Fjallabræðra, þessa einstæða karlakórs sem sungið hefur sig inn í hjörtu landsmanna með eftirminnilegum hætti og nýtur sívaxandi vinsælda; í öðru sæti annar Önfirðingur, Jakob Einar Jakobsson, sem lagði baráttunni gegn einelti lið með eftirminnilegum hætti með því að hjóla hringinn í kringum landið; þriðji knattspyrnukappinn og Ísfirðingurinn Matthías Vilhjálmsson, sem áreiðanlega er rétt að byrja ferilinn; í fjórða sæti Martha Ernstsdóttir, landsfræg hlaupadrotting og Olympíufari, sem heldur betur hefur látið til sín taka eftir komuna til Ísafjarðar og fimmti varð Hallgrímur Sveinsson, bókaútgefandi og eigandi Vestfirska forlagsins, sem unnið hefur ómetanlegt starf við söfnun og varðveislu gagna er varða sögu og lifnaðarhætti Vestfirðinga fyrr á tímum og útgáfu margvíslegra bóka. Þessu fólki, sem og öllum þeim er tilnefndir voru, færir BB óskir um velfarnað á komandi árum.

Halldór Gunnar Pálsson er vel að sæmdarheitinu Vestfirðingur ársins 2009 kominn. BB hikar ekki við að segja að hann hafi með einstökum hætti sýnt og sannað hverju hægt er að áorka þegar sannfæring fyrir því að maður sé að gera góða hluti er fyrir hendi og trúin á að þeir geti gerst þar sem vilji stendur til að láta drauminn rætast. Því má með sanni segja að framganga Halldórs Gunnars sé Vestfirðingum til eftirbreytni: trúin á að við getum gert góða hluti og að við getum gert þá hér. Ævintýrið sem Halldór Gunnar leiddi Fjallabræður í gegnum á árinu og færði honum verðskuldaða nafnbót á að vera okkur hvatning til sóknar.

BB ítrekar þakkir og árnaðaróskir til allra sem á einn eða annan veg lögðust á sveif við að velja Vestfirðing ársins 2009.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Friðrika Benónýsdóttir, símar 456 4560 og 697 8618, *fridrika@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Eldisþorskur fimmtungur alls hráefnis í vinnslu

Allt stefnir í að unnið verði úr rúmlega 5.100 tonnum af hráefni í landvinnslu Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. í Hnífsdal og á Ísafirði á þessu ári. Í fréttatilkynningu frá LÍÚ segir að það veki athygli að fimmtungur hráefnisins kemur úr þorskeldi, sem fyrirtækið hefur stundað undanfarin ár. Þetta hlutfall hefur að sögn Einars Vals Kristjánssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, aldrei verið hærra.

„Þetta er að sjálfsögðu ánægjulegur áfangi því eldisþorskurinn hefur staðið undir fimmta hverjum vinnudegi hjá okkur. Þá er það ekki síður ánægjulegt frá okkar bæjardyrum séð, að ekki hefur fallið niður dagur í landvinnslunni á árinu sem er að líða," segir Einar Valur. Hann segir að fara þurfi a.m.k. áratug aftur í tímann til að finna dæmi um meira magn hráefnis til vinnslunnar en á þessu ári.

Í tilkynningu LÍÚ segir hinsvegar að góður árangur í þorskeldinu nægi þó engan veginn til þess að vega upp boðaðan niðurskurð í veiðiheimildum á bolfiski á yfirstandandi fiskveiðiári. Einar Valur segir að samkvæmt útgefnum kvóta muni veiðiheimildir fyrirtækisins verða um 1400 tonnum minni á þessu fiskveiðiári en á því síðasta.

„Ofan á þá óvissu sem þessari skerðingu fylgir bætist nú óvissan í sjávarbyggðum landsins vegna áforma ríkisstjórnarinnar um svokallaða fyrningarleið í sjávarútvegi. Samkvæmt þeim hugmyndum á að fyrna aflaheimildir um 5% á ári og áætlað er að hefja þær aðgerðir þann 1. september næstkomandi," segir Einar Valur. *– thelma@bb.is*

Margir tóku sér stund frá annríki jólanna á Þorláksmessu til að stuðla að friði í heiminum.

Vel mætt í friðargönguna

Árviss friðarganga á Ísafirði fór vel fram á Þorláksmessu og margir tóku sér stund frá annríki jólanna til að stuðla að friði í heiminum. „Gangan tókst ljómandi vel. Mætingin var mjög fín þrátt fyrir mikinn kulda en að öðru leiti var veðrið mjög gott," segir Herdís Hübner, einn af skipuleggjendum göngunnar. Gengið var með friðarkyndla frá Ísafjarðarkirkju að Silfurtorgi þar sem var stutt dagskrá. Þar fluttu Pernilla Rein og Þórhallur Arason ávörp, Melkorka Ýr Ólafsdóttir las ljóð, lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar lék nokkur lög og Helga Þuríður Hlynsdóttir, Björk Sigurðardóttir og Sunna Sturludóttir sungu. „Dagskráin tókst mjög vel og þetta voru ljómandi fínar ræður sem haldnar voru," segir Herdís. Var þetta í fjórtánda sinn sem ísfirskir friðarsinnar stuðla að friði í heiminum með þessu hætti og hefur gangan öðlast fastan sess í jólaundirbúningnum hjá mörgum Ísfirðingum og nærsveitungum. Margir hafa haft orð á því hve gott er að taka sér stund frá annríki jólanna og hugsa um þá sem minna mega sín.

Vestfirðingum fækkar um 0,1%

Vestfirðingum fækkar um 0,1% milli ára eða úr 7.374 í 7.363. Þar af eru Íslendingar 6.651 og erlendir ríkisborgarar 712. Íbúum í Ísafjarðarbæ, fjölmennasta sveitarfélagi fjórðungsins, fækkaði um 71 og voru þeir 3.897 þann 1. desember. Bolvíkingum fjölgaði um sex og eru þeir nú 968 talsins. Íbúum í Reykhólahreppi fjölgaði einnig og eru nú 292 eða þrettán fleiri en þeir voru á sama tíma í fyrra. Í Tálknafjarðarhreppi fækkaði íbúum um fimm og eru þeir 297.

Í Vesturbyggð fjölgaði íbúum um 37, sem er mesta fjölgunin í landshlutanum, og telja nú 938. Íbúum í Súðavíkurhreppi fækkaði um 10 og búa þar nú 205 manns. Í Árneshreppi eykst íbúafjöldinn um einn og telja þeir nú 50. Einnig fjölgar íbúum í Kaldrananeshreppi eða úr 110-114. Íbúum í Bæjarhreppi fækkaði um tvo og eru nú 96. Í Strandabyggð hefur íbúafjöldinn aukist um 16 og eru þeir 506 talsins.

Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um íbúafjölda 1. desember. Þá voru íbúar með lögheimili á Íslandi 317.593. Ári áður var íbúafjöldi 319.756 og er fækkun milli ára því um 2.163 íbúa eða 0,7%. Mest er fækkunin hlutfallslega á Austurlandi. Þar fækkaði um 431 einstakling, eða 3,3% frá fyrra ári. Fækkun landsmanna stafar einkum af fækkun fólks með erlent ríkisfang en því fækkaði milli ára um 3.099 manns, en íslenskum ríkisborgurum fjölgaði um 936 frá 1. desember 2008.

– thelma@bb.is

Ísafjarðarbær fær 93 milljónir

Ísafjarðarbær er það sveitarfélag sem fékk mest greitt af aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á síðasta ári. Alls fékk Ísafjörður rúmar 93 milljónir króna af þeim milljarði sem greiddur var út. Sveitarfélagið Skagafjörður fékk rúmar 71,2 milljónir króna, Norðurbyggð 71,5 milljónir og Reykjanesbær 62,8 milljónir króna.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur samþykkt endurskoðaða tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um úthlutun og uppgjör á 1.000 milljóna króna aukaframlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2009. Framlaginu er ætlað að bæta rekstrarlega stöðu viðkomandi sveitarfélaga. Við úthlutun framlagsins er tekið mið af íbúaþróun og þróun heildartekna í sveitarfélögum á tilteknu árabili, lágum meðaltekjum og útgjaldaþörf fjölkjarna sveitarfélaga.

Aukaframlagið er greitt sveitarfélögum í tvennu lagi. Í október síðastliðinn komu 750 milljónir króna til greiðslu. Uppgjörsgreiðsla framlagsins að fjárhæð 250 milljónir króna fer fram fyrir áramót.

„Vestfirðir eiga eftir að rísa hátt"

Völvuspá Vikunnar hefur ávallt vakið mikla athygli enda hefur hún oft verið sannspá. Í spá völvunnar fyrir árið 2010 minnist hún nokkuð á Vestfirði. „Mér finnst ég sjá að handverksfólk eigi eftir að láta mikið að sér kveða og einhvern veginn sé ég miklar skiptingar milli landsfjórðunga. Vestfirðir eiga eftir að rísa hátt upp úr lægð og einnig Norðurland. Ég sé eins og píramída þarna yfir, eins og það sé eitthvað mikið að gerast á nýja árinu, varðandi sjávarútveginn, ferðamannaiðnaðinn og fleira. Mér finnst rísa safn tengt skútum, líklega á Vestfjörðum. Byggð verður stór skúta sem hægt verður að skoða á þessu safni. Næstu áratugina mun túrisminn fjóreða fimmfaldast á þessum svæðum."

Um veðrið í vetur segir völvan: „Við förum inn í kaldari vetur en undanfarin ár. Það verður kalt í janúar og febrúar, sviptivindasamara og meiri óveður fyrstu mánuði ársins en við höfum átt að venjast undanfarin ár." Síðar segir völvan: „Ég sé snjóflóð fyrir vestan og annað fyrir norðan. Annað þeirra verður mjög stórt. Ég sé ekki mannskaða en það gætu farið einhver hús." Völvan segir að margt eigi eftir að koma á óvart í sveitarstjórnarkosningunum í vor. „Það kemur ýmislegt óvænt upp úr kjörkössunum á landsbyggðinni og ég sé miklar sveiflur. Mér finnst almenningur leita eftir lýðræði og ekki síst heiðarleika." Þá segir völvan að Ísfirðingurinn Eiríkur Örn Norðdahl rithöfundur eigi eftir að sigla á einhver ný mið.

Íbúum í Ísafjarðarbæ, fjölmennasta sveitarfélagi fjórðungsins, fækkaði um 71 og voru þeir 3.897 þann 1. desember.

Er mikill Vestfirðingur

Halldór Gunnar Pálsson var kosinn Vestfirðingur ársins 2009 með afgerandi meirihluta. Hann er kórstjóri vestfirska karlakórsins Fjallabræðra sem sló heldur betur í gegn á árinu sem var að líða. Blaðamaður hitti Halldór Gunnar strax að lokinni afhendingu viðurkenningarskjals og verðlaunagrips á síðasta degi ársins og spjallaði við hann um þýðingu nafnbótarinnar.

– Kom þetta þér á óvart?

„Já, ég verð að segja það, þó svo að einhverjir hafi verið búnir að ganga upp að mér úti á götu og segja mér að þeir hefðu kosið mig, þá bjóst ég nú ekki við neinu."

– Hvaða þýðingu hefur það að fá svona nafnbót?

„Þetta þýðir alveg rosalega mikið fyrir mig. Ég er mikill Vestfirðingur. Ég er með lögheimili á Flateyri og þannig verður það þar til ég dey og þá færi ég það aðeins lengra, í kirkjugarðinn á Flateyri. Iðulega er það þannig að fólk veit hvaðan ég er áður en það veit hvað ég heiti. Ég er einfaldlega Halldór Gunnar frá Flateyri við Önundarfjörð. Þannig hefur það alltaf verið.

Ég get ekki ímyndað mér nein önnur verðlaun sem ég myndi frekar vilja fá en að verða Vestfirðingur ársins. Svo ég er mjög stoltur og þakklátur. Ég hef aldrei fengið fallegri gjöf.

Það má þó ekki gleyma því, að þó svo að fólk hafi kosið mig af mismunandi ástæðum, þá tengjast þær allar kórnum. Strákarnir eiga því helling í þessum verðlaunum með mér og Unnur líka *[Unnur Birna Bjornsdóttir, fiðluleikari Fjallabræðra. Innskot blaðamanns]*."

Ekki aðeins vita allir að Halldór Gunnar er Vestfirðingur heldur fer það ekki á milli mála að Fjallabræður eru vestfirskur kór.

„Við kynnum okkar alltaf sem Vestfirðinga. Í fyrstu kynntum við okkur sem Önfirðinga en svo bættust svo margir aðrir Vestfirðingar í kórinn að við fórum að tala um kórinn að vestan. Við erum allir stoltir af því að vera Vestfirðingar."

– Hver var tilurð kórsins?

„Fyrsti vísirinn að kórnum var á 25 ára afmæli mínu. Þá lofaði Goggi félagi minn Karlakórnum Heimi í partýið mitt en þeir voru uppteknir. Hann kallaði því alla félagana upp á svið og þeir sungu fyrir mig. Svo stuttu síðar tók ég þátt í Sæluhelgarlagakeppninni á Suðureyri og það þurfti kór til að syngja í laginu. Ég kallaði því aftur á strákana. Hjólin fóru svo að snúast fyrir alvöru þegar ég kynntist Ásgeiri Andra Guðmundssyni á Patreksfirði þar sem við vorum að halda tónleika.

Til að gera langa sögu stutta fórum við að hittast þegar við komum aftur í bæinn og sömdum saman 15 lög á tíu dögum. Mér fannst vanta kór til að syngja eitthvað af lögunum og hringdi því enn á ný í strákana. Við hittumst á föstudegi og þeir lærðu lögin. Þá var þegar búið að ákveða nafnið, það er komið frá honum Magnúsi Kristjáni Guðmundssyni, fyrrum Vestfirðingi ársins. Á laugardegi var svo farið í upptökur og það var fyrsta platan. Nú eru fjögur ár liðin og þetta hefur heldur betur hlaðið utan á sig."

Kórinn tengir saman Vestfirðinga

– Hefurðu alltaf verið músíkalskur?

„Já, ég verð að segja það. Ég byrjaði að spila á trommur en þá var Önni bróðir *[Onundur Hafsteinn Pálsson. Innskot blaðamanns]* byrjaður að æfa á trommur og hann var miklu betri en ég. Ég varð því að finna mér eitthvað annað hljóðfæri. Amma var umboðsaðili fyrir gítarsölu á Flateyri og mamma fékk kassagítar í jólagjöf ein jólin og ég hef verið að spila á gítar síðan. Það er mikil músík í móðurættinni minni og líka í pabba legg. Barði Önundarson föðurbróðir minn var nú trommuleikari í ísfirsku hljómsveitinni Dolby á sínum tíma."

– Ef amma þín hefði verið með umboðssölu fyrir eitthvert annað hljóðfæri, værirðu þá ekki gítarleikari í dag?

„Ég veit það ekki, það færi eftir því hvort Önni væri betri að spila á það en ég," segir Halldór og hlær. „Svo er Hákon bróðir sem aldrei áður hefur verið að spila á hljóðfæri farinn að leika fantavel á munnhörpu. Hann byrjaði að spila á munnhörpu á höfninni þar sem hann eyðir talsverðum tíma í vinnunni að bíða eftir bátum en hann vinnur við að flytja fisk með pabba. Systir mín spilar á píanó og harmónikku svo það er óhætt að segja að tónlistargenið sé sterkt í fjölskyldunni.

En ég hef aldrei sungið og aldrei kunnað að radda eða neitt slíkt. Ég veit því rauninni ekkert hvað ég er að gera þegar ég er að stjórna kór. Aðrir kórfélagar hafa spurt hvort við syngjum bara einradda. Ég er farinn að svara því: Nei, við erum stundum bara falskir.

Við erum ekkert að reyna vera neitt annað en við erum og gerum bara eins vel og við getum. Þetta snýst miklu meira um fílinginn og að hafa gaman en að syngja eitthvað súpervel. Og bara að hittast og vera saman. Ég hitti nú einn mann í gær sem sagðist hafa kosið mig Vestfirðing ársins vegna þess að hann sé svo ánægður með að kórinn tengi saman brottflutta Vestfirðinga. Þetta eru oft menn sem hafa ekki hist heillengi en þekkjast samt frá uppvaxtarárunum og nú eru þeir farnir að hittast aftur í gegnum kórinn. Þetta eru menn frá Flateyri, Bolungarvík, Súðavík, Þingeyri, Hnífsdal og Ísafirði og Bíldudal og Tálknafirði og mér finnst mjög gaman að hafa bræður okkar af sunnanverðum Vestfjörðum með. Þetta eru menn sem eru kannski komnir með fjölskyldur sem eru farnar að sameinast í gegnum kórinn svo þetta er orðinn risastór hópur af fólki sem er farið að tengjast aftur. Það er náttúrulega bara æðislegt.

Ein góð saga er af tveimur mönnum sem byrjuðu í kórnum á sitthvorum tímanum. Þeir voru bestu vinir frá 8-15 ára en höfðu ekki hist síðan þá. Og nú eru þeir aftur farnir að hittast."

Má ekki vera of auðvelt

Halldór Gunnar hefur áður sagt að kórinn fylgi ekki neinni sérstakri áætlun, einn hlutur tekur við af öðrum, hann vill því lítið segja þegar blaðamaður spyr hann hvað sé framundan á nýju ári.

„Strákarnir vita iðulega ekki hvað er að fara gerast hjá þeim. Núna á dögunum kom Vikan út og á forsíðunni stendur að fyrstu verðlaun í krossgátunni sé að fá Fjallabræður heim í stofu, hvert á land sem er. Ég var ekki búinn að segja þeim það þegar þeir sáu þetta þar. Þannig að ef einhver á Fáskrúðsfirði vinnur, þá förum við þangað, það ætti að verða mjög skemmtilegt.

Það er ýmislegt á dagskránni en kannski ekkert sem borgar sig að segja frá á þessu stigi málsins. Mig langar mjög mikið til að fara aðeins aftur niður á jörðina því markmiðið hjá Fjallabræðrum er ekki að vera á vinsældalista eða selja mikið af plötum. Það eiginlega bara gerðist. Mig langar að fara aftur að búa eitthvað til og syngja fyrir gamalt fólk og börn og halda áfram þessu harki. Þetta má ekki verða of auðvelt. Eitt af því sem gerir þetta verkefni svona skemmtilegt er að við erum kannski búnir að ná árangri umfram getu, án þess að vera eitthvað lítið úr okkur. Við vissum að þetta færi vel, bara ekki svona vel. Stemningin sem er í kórnum hefur greinilega náð í gegn og fólk virðist hrífast af því.

Margir í kórnum hafa aldrei sungið og aldrei verið í músík og þeir eru orðnir alvanir að syngja í sjónvarpi og frammi fyrir þúsund manns. Þeir hafa gert það oftar en margir og eru bara venjulegir kallar. Það er náttúrulega bara gaman." *– thelma@bb.is*

Hefð er fyrir því þegar líða fer að árslokum að hafa samband við nokkra góðborgara á fréttasvæði Bæjarins besta, jafnt þekkta Vestfirðinga og þá sem minna hafa látið fyrir sér fara, og biðja þá um að líta yfir árið sem er að líða og rifja upp hverjir séu eftirminnilegustu viðburðir þess. Allir voru spurðir sömu spurninganna; hvað þykir þér minnisstæðast á árinu hvað varðar þig persónulega, og af innlendum og erlendum fréttum. Að síðustu voru aðilarnir spurðir hvaða væntingar þeir hefðu til nýs árs. Eins og gefur að skilja voru svörin misjöfn og mislöng eftir einstaklingum en nokkur atriði virtust fólki ofarlega í huga.

Jóna Sómonía Bjarnadóttir.

Elías Jónatansson.

Hvað stendur upp úr….

Jóna Símonía Bjarnadóttir, sagnfræðingur og danskur ræðismaður

Af persónulegum atburðum er tvennt sem stendur uppúr. Ég fékk nöfnu á árinu því í september var systurdóttir mín skírð Bjargey Símonía Magndís og þar með er Símoníu nafnið komið fram um eina kynslóð. Um aldamótin 1900 taldi langalangamma mín og nafna að nafnið myndin hverfa úr ættinni eftir hennar dag. Hitt atriðið er þegar ég tók við ræðismannsstöðu Dana á Ísafirði þann 17. júlí um borð í Hvítabirninum - ógleymanleg stund.

Af innlendum fréttum stendur upp úr umræðan um Icesave sem hefur verið ævintýraleg á köflum sem og umræðan um niðurskurð á peningum til hjálparstarfs erlendis. Mér eru mjög minnisstæð ummæli Ingu Lindar Karlsdóttur í þeim efnum, að aðrar þjóðir yrðu að skilja það að við hefðum ekki efni á þessu hjálparstarfi lengur og hún sá ofsjónum yfir því litla fé sem við ætlum að setja til þeirra alslausu. Af svipuðum toga var fréttaflutningur af köttum í Kattholti og aðrar fréttir af illri meðferð á dýrum, við virðumst svo kreppusjúk að við fleygjum öllu öðru frá okkur en lúxusnum.

Af erlendum fréttum stendur nýleg frétt uppúr, það var stuldurinn á skiltinu fræga í Auschwitz. Ótrúlega ósvífin aðgerð. Skemmtilegt frétt um tengt efni er þegar bókaverðir í Ástralíu fundu afrit af lista Schindlers í gögnum sem varðveitt eru á safninu. Mér fannst það líka merkilegt þegar fréttir bárust af því að síðasti skotgrafarhermaðurinn úr fyrri heimsstyrjöldinni lést á árinu. Svo voru það fréttir af miklum jarðskjálftum, skógareldum og vetrarhörkum víða um heim sem kostuðu mörg mannslíf. Náttúruna lætur ekki að sér hæða.

Auðvitað vonar maður alltaf að nýtt ár færi manni gleði og góða hluti bæði í einkalífi og vinnu. Ég vona svo sannarlega að þjóðinni takist að sætta sig við orðin hlut, að hún komi hlutum aftur á skrið í þessu góða landi okkar svo forðast megi frekara atvinnuleysi og ekki síst vonleysi. Sama á reyndar við um heiminn allan - sagan kennir okkur nefnilega að slíkt ástand gerir hlutina bara verri.

Elías Jónatansson bæjarstjóri

Sá atburður sem kemur fyrst upp í huga minn sem Bolvíkings er að sjálfsögðu þegar slegið var í gegn í Bolungarvíkurgöngum. Þessi atburður er svo mikilvægur í mínum huga fyrir framþróun byggðar í Bolungarvík að hann mun seint líða úr minni. Sú staðreynd að við munum eftir nokkra mánuði vera í góðu vegsambandi við aðra þéttbýliskjarna á svæðinu, hvernig sem viðrar, er í senn ótrúleg og ótrúlega þægileg tilfinning. Í fjölskyldulífinu er það minnisstæðast að dóttir mín fór til ársdvalar í Frakklandi sem skiptinemi á vegum AFS.

Minnisstæðastar af innlendum fréttum eru án vafa allar fréttirnar af Ice-Save. Ekki síst sú staðreynd að ríkisstjórninni virðast hafa verið mjög mislagðar hendur í því að halda nægilega vel á íslenskum hagsmunum í því máli og virðist vera komin í pólitískt öngstræti með það. Eftir því sem málið er meira rætt virðist það verða fleirum ljóst að ríkisstjórnarflokkarnir hafa vondan málstað að verja og þeim hefur alls ekki tekist að sannfæra almenning í málinu.

Margar fréttir hafa verið fluttar um stærðargráðu skuldbindinganna sem gætu lent á börnum og barnabörnum okkar vegna málsins. Svo eitt dæmi sé tekið til viðbótar þá gætu þær jafngilt því að taka ákvörðun um að byggja 100 Bolungarvíkurgöng. Öllum hlýtur að vera það ljóst að ríkisstjórn, þótt hún hafi á bak við sig meirihluta, getur ekki tekið ákvörðun sem hefur þvílík áhrif á möguleika þeirra sem á eftir koma, án breiðrar samstöðu á Alþingi. Það má líka vera jafnljóst að niðurstaðan mun í öllu falli hafa gríðarleg áhrif getu okkar til að fara í framkvæmdir á komandi árum og halda hér uppi velferð.

Af erlendum fréttum er mér minnisstætt flugslysið í sumar þegar flugvél frá Air France fórst yfir Atlantshafi með 228 manns innanborðs. Miklar vangaveltur voru um hvort um hryðjuverk var að ræða, en nú hallast menn að því að svo hafi ekki verið. Sú staðreynd að einn Íslendingur var á meðal látinna færði atburðinn einhvern veginn nær okkur en oft vill verða með stórslys sem við fáum fréttir af í heimspressunni.

Þá voru það mikil tíðindi að þeldökkur maður, Barack Obama settist í stól Bandaríkjaforseta þann 20. janúar eða fyrir tæpu ári síðan. Obama sem er mikill snillingur orðsins hefur sett sér háleit markmið. Sumir telja þó að hann hafi fengið greitt fyrirfram með því að fá friðarverðlaun Nóbels strax á fyrsta ári sínu í embætti, en sú frétt er að sjálfsögðu einnig minnisstæð.

Ég er bjartsýnn maður að eðlisfari. Raunsæismaðurinn í mér segir mér auðvitað að Íslendingar muni á næsta ári þurfa að horfast áfram í augu við þau vandamál sem eru uppskera hrunsins. Við munum líka áfram þurfa að horfast í augu við það að smæð landsins þýðir það óumflýjanlega að hér er markaðurinn smár. Áhugi erlendra aðila á markaðnum er því afar lítill. Gildir þá einu hvort talað er um fjármálamarkaðinn eða matvörumarkaðinn svo dæmi séu tekin. Þá er líka rétt að vera raunsær hvað varðar ný atvinnutækifæri t.d. í sprotafyrirtækjum. Það er þekkt staðreynd að sprotafyrirtæki þurfa nánast án undantekninga nokkurra ára uppbyggingartíma, oft er talað um fimm ár, áður en þau fara að gefa eitthvað af sér. Það er því alveg ljóst að til skemmri tíma litið þá verða það þær atvinnugreinar sem við höfum í dag sem munu draga vagninn. Má þar nefna útflutningsfyrirtækin svo sem sjávarútvegsfyrirtækin, framleiðslufyrirtæki í útflutningi og stóriðjuna, en einnig ferðaþjónustu og hugbúnaðarfyrirtæki. Það er þess vegna afar mikilvægt að hlúa vel að þeim fyrirtækjum sem eru að skapa verðmæti þannig að þau geti skapað sem mesta atvinnu í landinu og búið til gjaldeyri.

Mikil uppstokkun er að eiga sér stað í atvinnulífinu vegna þeirra gríðarlegu breytinga sem orðið hafa í rekstrarumhverfi fyrirtækjanna og sér enn ekki fyrir endann á þeirri uppstokkun allri. Það vaxtalækkunarferli sem hafið er mun skipta bæði fyrirtækin og heimilin í landinu afar miklu máli á næsta ári. Engin kjarabót er þó í sjónmáli sem skilað gæti heimilunum jafn miklu og styrking á gengi íslensku krónunnar.

Ef ég horfi á Bolungarvík sérstaklega þá sjást hér nú þegar ýmiss merki þess að atvinnulífið sé að eflast. Bátum hefur fjölgað og aflinn sem landað er í Bolungarvíkurhöfn hefur aukist. Ferðaþjónustunni er að vaxa fiskur um hrygg og sífellt fleiri vilja sækja staðinn heim. Tekist hefur að verja störf í opinberri þjónustu og má þar nefna sem dæmi Náttúrustofu Vestfjarða og Fræðasetur Háskóla Íslands. Ég tel að opnun Bolungarvíkurganga á næsta ári muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið í bænum auk þess sem ég á von á því að fasteignaverð hér hækki. Ég hlýt því að vera bjartsýnn, en þó hóflega, fyrir hönd Bolungarvíkur þegar kemur að væntingum til næsta árs.“

Kolbrún Eva Viktorsdóttir söngkona

„Það minnisstæðasta hjá mér á árinu held ég að sé þegar við hjónin fengum að vita að við vorum valin til þess að taka þátt í undankeppninni hérna heima í Eurovision söngvakeppninni sem hefst 9. janúar 2010, alveg yndislegt.

Af innlendum fréttum myndi ég segja að það væri hrun bankanna og þegar ríkisstjórnin féll.

Af erlendum fréttum stendur svínaflensan hæst. Ég fríkaði alveg út þegar ég heyrði af svínaflensunni úti í heimi, var alveg viss að nú væri þetta bara búið ... er rosalega hrædd við allt svona dæmi!

Ég ber þær væntingar til nýs árs að Íslendingar vinni Eurovision 2010.“

Halldór Halldórsson bæjarstjóri

„Af mörgu er að taka hvað varðar persónulega atburði. Ég vel ákvörðun mína um að gefa ekki kost á mér sem oddviti og bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ, tvö eldri börnin fóru að nokkru leyti að heiman þó þau rati fljótt heim aftur en fráfall föður míns í byrjun nóvember skyggir á aðra persónulega upplifun og reynslu í ár.

Minnisstæðast af innlendum

Kolbrún Eva Viktorsdóttir.

Halldór Halldórsson.

Magnús Erlingsson.

Herdís Hübner.

Guðný Harpa Henrýsdóttir.

fréttum eru öll þessi mál sem upp hafa komið í tengslum við hrunið 2008, því miður. Maður hefði aldrei trúað öllu því sem komið hefur upp á yfirborðið og kvíðir því að fleira óhreint muni koma í ljós. Það er nokkuð ljóst að ansi margir í útrásinni svokölluðu fóru gjörsamlega fram úr sjálfum sér og siðferðislegum gildum.

Af erlendum fréttum má segja það sama. Ísland hefur verið of mikið í erlendum fréttum þetta árið og það kemur ekki til af góðu. Sumt af því sem erlendir fjölmiðlar hafa fjallað um er misskilningur en það hjálpar okkur svo sem ekkert.

Og svo eru því miður alltaf hörmungarfréttir af hungri, fátækt og átökum utan úr heimi. Mannskepnan virðist ekki geta lært af reynslunni.

„Ég vona að á nýju ári muni draga úr svartsýni hjá þjóðinni. Það getur gerst ef við sjáum rofa til einhvers staðar í efnahagslífinu. Það hins vegar gerist ekki nema stefnubreyting verði hjá ríkisstjórninni, t.d. hvað varðar málefni okkar mikilvægustu atvinnugreinar, sjávarútveginn. Stefna stjórnvalda gagnvart sjávarútveginum og þannig landsbyggðinni er skaðleg.“

Magnús Erlingsson, sóknarprestur

Það, sem kom mér mest á óvart á árinu 2009, var að ég skyldi verða fimmtugur, - svona allt í einu upp úr þurru! Mér finnst nefnilega að það sé stutt síðan ég var þrítugur. Tíminn er undarleg skepna. Eftir því, sem maður eldist þá er eins og tíminn líði alltaf hraðar. Skýringin á því er sú að maður skynjar tímann, sem hlutfall af því sem liðið er. Og þegar maður hefur lifað langa og góða ævi þá er hvert nýtt ár sífellt minna hlutfall af því sem liðið er. Í tilefni af þessum tímamótum þá sagði ég dætrum mínum frá því að í mínu ungdæmi hefði sjónvarpið ekki haft neina liti heldur verið í svörtu, hvítu og gráu. Það þótti þeim stórmerkilegt. Já, og svo náði ég þeim merkilega áfanga nú í byrjun vetrar að aka suður til Reykjavíkur á bundnu slitlagi.

Ég hallast að kenningum heimspekingsins Vigos um að tíminn sé eins og spírall. Hann endurtekur sig en samt aldrei alveg á sama hátt. Og þetta upplifði ég á árinu 2009. Þá kom allt í einu svona „dessjavú“ hjá mér eða endurupplifun horfinnar stemmingar. Ég var staddur á Laugaveginum og allt í einu þrammaði framhjá mér kröfuganga. Uppi á vörubílspalli voru menn með rauða fána. Og þeir voru síðhærðir og skeggjaðir í gæruskinnsúlpum. Þetta var nákvæmlega eins og árið 1970 þegar róttækir vinstri menn mótmæltu Víetnamstríðinu og heimsvaldastefnu Bandaríkjanna. Nema hvað þessir menn sungu ekki „Ísland úr Nató, herinn burt!“. Nei, þeir steyttu hnefa og hrópuðu: „Við viljum réttlæti!“ Seinna heyrði ég í fréttum að það hefði verið gerður aðsúgur að Seðlabankanum þennan dag. Fáum dögum seinna var skollin á búsáhaldabylting og eldar loguðu á Austurvelli og við Þjóðleikhúsið.

Af erlendum vettvangi eru mér minnisstæðust nokkur myndbönd, sem ég horfði á á YOUTUBE af honum Berlusconi. Amo Berlusconi! Ég dái Berlusconi! Hann er svona Homer Simpson þeirra Ítala! Það er svo gott fyrir egoið að horfa á myndbönd af þjóðarleiðtogum eða lesa forsetaræður frá 2007 því þá lýkst það upp fyrir manni að þroskastig mannsins eru þrjú: Í upphafi trúir drengurinn því að jólasveinar séu til. Síðan verður hann ungur maður og hættir að trúa því að jólasveinar séu til. En svo verður hann fulltíða og gerir sér grein fyrir við erum jólasveinar. Þessi kenning útskýrir líka af hverju mannkynssagan er jafn ævintýraleg og raun ber vitni. Heiminum er nefnilega stjórnað af jólasveinum!

Árið 2009 var hallærisár. Matur og nauðsynjar hækkuðu um helming og launin voru skert. Árið 2010 verður enn verra, meira atvinnuleysi, aukin mannleg eymd. Samt má hugga sig við að árið 2010 verður ekki jafn slæmt og árið 2011. Ég tek það fram að þetta segi ég ekki af svartsýni heldur kláru raunsæi. Samkvæmt Biblíunni voru hallærisárin sjö í Egyptalandi. Og hvert árið öðru verra.

Sannarlega hlakka ég til að upplifa svona harða tíma. Þá mun ég hafa frá einhverju að segja þegar ég fer að passa barnabörnin. Kannski get ég sagt frá því að fjölskyldan hafi borðað verkfallsgraut eins og amma mín í Reykjavík sagðist hafa þurft að elda í heilan mánuð í kreppunni þegar afi og hinir Dagsbrúnarmennirnir fóru í langa verkfallið. Ég hef undirbúið dætur mínar fyrir komandi krepputímabíl með því að sýna þeim mynd Chaplins „Modern Times“ og sjálfur fer ég á ráðstefnu um kreppusálfræði og kreppuguðfræði strax á nýárinu.

Þegar við horfum mót nýju ári þá eigum við hugfesta okkur orð Síraks: „Öfund og reiði stytta ævina, áhyggjur gera mann gamlan um aldur fram, en gleði í hjarta er mönnum lífgjafi.“

Herdís Hübner kennari við GÍ

„Árið 2009 hefur verið frábært fyrir mig persónulega, eins og öll önnur ár. Þetta var fyrst og fremst fjölskylduár hjá okkur, stórfjölskyldunni hlotnuðust tvö börn á árinu, fyrst kom langömmudrengurinn minn í maí og svo ömmudrengur í september, báðir heilbrigðir og yndislegir. Lífið hefur að öðru leyti gengið sinn ljúfa vanagang. Við erum svo heppin að tvö af börnunum okkar búa hér á Ísafirði, í næsta nágrenni við okkur og við höfum notið samvista við þau og fjölskyldurnar þeirra. Vonandi verður atvinnuástandið í bænum ekki til að breyta því í bráð.

Af innlendum fréttum er auðvitað af nógu að taka en búsáhaldabyltingin hlýtur að standa upp úr. Í byrjun árs voru mjög spennandi tímar og þrátt fyrir alla reiðina og bölmóðinn fylgdi því viss bjartsýni að finna hverju samtakamáttur almennings getur áorkað og ég held að flestir hafi trúað því að eftir hrun og byltingu kæmi endurreisn og við myndum sjá réttlátara, heiðarlegra og betra samfélag. Því miður sýnist mér þó að enn sé langt í land og spurning hvort við þurfum ekki að endurtaka leikinn og gera nýja byltingu – jafnvel nokkrar, áður en við náum því að skapa það þjóðfélag sem við viljum hafa. Þjóðfundurinn í haust staðfesti ágætlega hvað það er sem við viljum að einkenni nýja Ísland og það er ágætt að hafa niðurstöður hans sem markmið í framtíðinni.

Af erlendum vettvangi er helst að nefna að um svipað leyti og búsáhaldabyltingin náði hámarki sínu á Íslandi tók nýr maður við stjórnartaumum í Bandaríkjunum og við hann voru bundnar miklar vonir um allan heim, en einnig þar hafa orðið mikil vonbrigði. Það að Obama skyldi fá friðarverðlaun Nóbels sýnir best hvaða væntingar menn báru til hans, en í ljósi síðustu aðgerða hans í Afganistan og víðar verður þessi verðlaunaveiting bara grátleg. Stríðsbröltið er ekki á neinu undanhaldi, vígvélarnar mala sem aldrei fyrr og virðist ekkert lát ætla að verða á þeim ósköpum.

Væntingar mínar til næsta árs eru í rökréttu framhaldi af ofansögðu, ég geri ekki ráð fyrir miklum breytingum á persónulegum högum okkar, en ég held að þetta verði að mörgu leyti erfitt ár fyrir samfélagið í heild. Það verður eflaust erfitt fjárhagslega fyrir almenning og samfélagið allt og ég er hrædd um að uppgjörið sem framundan er taki á þjóðina. Við megum búast við ljótri skýrslu í febrúar og ég er hrædd um að margt subbulegt eigi eftir að koma út úr skúmaskotum á næstu mánuðum.

Ég verð auðvitað að nefna sveitarstjórnarkosningarnar í vor, ég vona að sjálfsögðu að það verði einhver breyting á stjórn Ísafjarðarbæjar í framhaldi af þeim. Við verðum að vanda okkur vel við þessar kosningar, þegar þrengir að er mikilvægt að þeir sem ráða hafi manngæsku og réttláti leiðarljósi og forgangsraði vel, þannig að grunnþjónusta sveitarfélagsins verði ekki skorin niður eða gerð að forréttindum hinna ríku.

Ég veit svo sem ekki frekar en aðrir hvernig framtíðin verður en ég veit alveg hvernig ég vildi óska að hún yrði; ég vildi óska að uppgjörið leiddi af sér meira réttlæti og mannúð og um leið og ég vildi óska þess að allir hefðu atvinnu og gætu séð fyrir sér og sínum vildi ég líka óska þess að við yrðum hófsamari og þakklátari fyrir það sem við höfum, því að við erum þrátt fyrir allt ein af ríkustu þjóðum heims, vel aflögufær og eigum að hjálpa þeim sem til okkar leita.“

Guðný Harpa Henrysdóttir dagmóðir

Hvað varðar mig persónulega eru tveir atburðir sem mér þykja minnisstæðastir, annars vegar byrjaði ég að vinna sem dagmamma í janúar 2009 og það er auðvitað alltaf breyting á lífi manns að skipta um starfsvettvang. Hins vegar var það 13. nóvember 2009 að verkalýðsfrömuðurinn hann afi minn, Benedikt Davíðsson, lést eftir langa baráttu við krabbamein.

Í innlendum fréttum væri kjörið að tala um kreppu, bakstingi, svik og pretti en ég ætla ekki að fara út í þá sálma heldur vil ég nefna að á árinu tengdust norðanverðir Vestfirðir loksins landinu með bundnu slitlagi. Ég veit ekki alveg hvort ég á að vera þakklát fyrir það eða hvort þetta sé svo sjálfsagt að það eigi ekki að tala um það.

Þó ég hafi nú ekki verið eldheitur aðdáandi þá verð ég samt að segja að andlát Michaels Jacksons hafi verið með minnisstæðari erlendum fréttum ársins.

Ég vona að árið 2010 verði allavega ekki verra en 2009, þá megum við vel við una.“

Atvinnuleysi eykst hjá vestfirskum körlum

Hundrað fjörutíu og tveir einstaklingar eru nú skráðir atvinnulausir á Vestfjörðum samkvæmt vef Vinnumálastofnunar. Hefur þeim fjölgað um sextán síðan í lok nóvember, en þá voru þeir 126. Karlar eru nú áttatíu og tveir en konur sextíu. Í lok nóvember voru atvinnulausir karlar 65 og konur sextíu og ein. Það hafa því eingöngu verið karlar sem misstu vinnuna það sem af er desember. Skráð atvinnuleysi var 2,8% af áætluðum mannfjölda á Vestfjörðum í síðasta mánuði. Það er lægsta hlutfall á landinu, en mesta atvinnuleysið er á Suðurnesjum 13%. Er þetta mesta atvinnuleysi í nóvembermánuði á Vestfjörðum frá aldamótum og það mesta á árinu. Meðalfjöldi atvinnulausra í fjórðungnum var 106 í nóvember. Flestir voru atvinnulausir í Ísafjarðarbæ í lok október eða 60 talsins, því næst kom Bolungarvík með 21 á skrá og Vesturbyggð þar sem 19 voru skráðir án atvinnu. Næst kom Súðavíkurhreppur með ellefu.

Atvinnulausum hefur fjölgað um sextán síðan í lok nóvember.

Flestir á skrá Vinnumálastofnunar eru á aldrinum 20-29 ára eða 44 einstaklingar. Þetta kemur fram í mánaðarlegri skýrslu Vinnumálastofnunar. Skráð atvinnuleysi í nóvember á landvísu var 8%eða að meðaltali 13.357 manns og eykst atvinnuleysi um 5,3%að meðaltali frá október eða um 675 manns. Á sama tíma á árinu 2008 var atvinnuleysi 3,3%, eða 5.445 manns. Atvinnuleysi hefur aukist meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu síðustu vikur og segir Vinnumálastofnun það í takt við hefðbundna þróun, að því er fram kemur á mbl.is.

Þar kemur einnig fram að þótt atvinnuleysi hafi ekki náð sömu hæðum og í apríl, er það mældist 9,1%, hefur það engu að síður farið vaxandi á haustmánuðum. Jafnt ASÍ sem Vinnumálastofnun gera ráð fyrir að atvinnulausum fjölgi enn frekar á næsta ári. Búast megi við að atvinnuleysi fari yfir 10% á næstu mánuðum og að aukningin verði hraðari í janúar og febrúar en hún hefur verið undanfarið. Þar komi til samdráttur í verslun eftir jólin, minna sé um að vera í ferðaþjónustu á þeim árstíma og umsvif í byggingariðnaði séu í lágmarki. Ekkert bendir þó til stórfelldrar uppsagnahrinu á tímabilinu samkvæmt upplýsingum frá Karli Sigurðssyni, sviðsstjóra vinnumálasviðs Vinnumálastofnunar. Fáar hópuppsagnir eigi einnig að koma til framkvæmda næstu mánuði.

Í fréttabréfi ASÍ frá því um miðjan mánuðinn eru þó leiddar líkur að því að hugsanlega sé atvinnulífið nú að ganga inn í erfiðasta tímabil kreppunnar og spáir hagdeild sambandsins því að atvinnuástandið verði hvað verst á árunum 2010 og 2011.

– fridrika@bb.is

smáar

Óska eftir sófaborði og litlu, stækkanlegu borðstofuborði. Uppl. í síma 867 8022.

Til sölu eða leigu er flott 118m² 3ja herb. íbúð í miðbæ Ísafjarðar. Laus um mánaðarmótin febr./mars. Upplýsingar í síma 856 5804.

Til sölu er Renault Midliner M210 árg. 197, ekinn 266 þús. km. Er með kassa. Þrjár hliðarhurðir hvoru megin. Lyfta og bakkmyndavél. Burðargeta 5 tonn. Uppl. í síma 895 4115.

Til sölu er nýlegur, vandaður 2ja sæta brúnn leðursófi. Uppl. í síma 894 6125.

Valgaður miðill verður á Ísafirði eftir 20. janúar. Tímapantanir í síma 863 7086.

Dúnúlpa tapaðist í Edinborgarhúsinu. Svört ZooOn nr. 42 með loðkraga. Ef einhver hefur tekið hana í misgripum eða séð hana, vinsamlegast hafið samband í síma 867 7752.

Samið um reksturinn

Skíðafélag Ísfirðinga og Ísafjarðarbær hafa gert með sér samning um þjónustu á skíðasvæði Ísfirðinga á komandi vetri. Samningurinn felur í sér að SFÍ tekur að sér að sjá um miðasölu, sjoppu, þrif og almennan rekstur skíðaskálans í Tungudal. Þetta er breyting frá því í fyrra þegar SFÍ sá einungis um sjoppuna um helgar. Samningurinn gildir í fjóra mánuði frá byrjun janúar þar til í lok apríl.

Árið að baki og árið framundan

Stakkur skrifar

Gleðilegt nýtt ár. Megi það færa Íslandi og Íslendingum gæfu og gengi. Þótt fátt bendi til þess að efnahagur fólks og ríkis taki breytingum til hins betra er rétt að vona það besta og búast við því versta. Þannig verða vonbrigðin minni en ella. Hið mikla Icesave er að baki. Nú mun framtíðin skera úr um það hversu til tókst. Skuldbindingar eru miklar og enn óljóst hvort eða hvernig Íslendingum verður hjálpað. Þrýstingurinn var mikill og allt lagðist á eitt að knýja fram samþykki. Krafa útlendinga og stefnufesta ríkisstjórnar réðu miklu. Hversu miklu réð umsókn um aðild að Evrópusambandinu? Það kemur ef til vill í ljós síðar, kannski ekki.

Margir spámenn vakna um áramót. Sannast mun sem ævinlega fyrr að vandi er að spá, einkum um framtíðina. Gengið verður til kosninga í vor og sveitarstjórnir valdar. Er við því að búast að umhverfi sveitarstjórna breytist? Varla fyrir kosningar. Þótt ráðherra hafi skipað nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlög er ekki við því að búast að þeim verði breytt fyrir kosningar. Fækkun sveitarfélaga er nauðsyn og má ekki dragast. Hver vill ekki vera kóngur í smáríki? Of margir. Við síðustu alþingiskosningar rýrnaði pólitískt traust á hægri vængnum. Sjálfstæðisflokkurinn er kannski ekki rúinn pólitísku trausti. Hann er næststærsti stjórnmálaflokkurinn á Alþingi. Niðurstaða sveitarstjórnarkosninga mun ráða því hvort og hvenær hann endurheimtir traust þess mikla hóps kjósenda er sneri baki við honum í apríl á síðast ári. Með sama hætti kann framtíð Frjálslynda flokksins að ráðast. Tekst honum að endurheimta traust fyrrum kjósenda sinna? Ríkistjórnarflokkarnir eiga mikið undir velgengni í komandi kosningum. Haldi þeir fylgi sínu verður það túlkað sem traust. Gerist hið gagnstæða verður túlkunin á sama veg. Pólitískt traust er hverfult og er óháð persónulegum kostum þeirra sem leita þess.

Langur tími mun líða uns öll kurl koma til grafar varðandi Icesave og samninga þar um. Sömdu Íslendingar af sér? Munum við geta staðið við skuldbindingar án þess að rýra lífskjör til langrar framtíðar? Hvernig mun sagan dæma þá ógæfumenn er komu því til leiðar að rýra lífskjör langflestra Íslendinga? Það vekur óbragð í munni að fylgjast með því að þeir sem stóran þátt áttu í ógæfu þjóðarinnar virðast eiga átölulaust að fá að halda áfram rekstri fyrirtækja sinna.

Eitt brýnasta verkefnið framundan er að efla siðferði Íslendinga í viðskiptum. Á því bólar ekki. Búist er við því að lögin um Icesave fái staðfestingu Forseta Íslands og svo fari flest í farveg stjórnar og stjórnarandstöðu hinn 26. janúar þessa árs. Hvar er kjarkurinn ú landhelgisstríðunum? Þá stóðu íslenskir stjórnmálamenn ótrauðir gegn ríkjum heims og sóttu á um að landhelgi Íslands skyldi stækkuð.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Ólympíufarinn lýkur störfum

Ólympíufarinn Héðinn Ólafsson lauk gifturíkum starfsferli sínum hjá HG á Þorláksmessu. Í árlegri skötuveislu starfsmanna fyrirtækisins voru honum þökkuð vel unnin störf um leið og hann var kvaddur. Héðinn hóf störf hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga fyrir aldarfjórðungi en lætur nú gott heita - þar sem hann er orðinn „löggiltur“ eins og sagt er - og hyggst einbeita sér að því að njóta lífsins með sinni heittelskuðu.

Héðinn er einn fárra starfsmanna HG sem hefur orðið þess heiðurs aðnjótandi að keppa fyrir Íslands hönd á ólympíuleikum.

– thelma@bb.is

Völusteinn kaupir Festi á 3,2 milljarða

Útgerðarfélagið Völusteinn í Bolungarvík hefur keypt þrotabú útgerðarfyrirtækisins Festar ehf. í Hafnarfirði. Í því felst að Völusteinn kaupir allan rekstur og eignir þrotabúsins, sex báta, fiskvinnslu og aflaheimildir. Kaupverðið er 3,2 milljarðar króna að því er fram kemur í tilkynningu frá Landsbankanum. Útgerðarfélagið Völusteinn ehf. er í eigu Ólafs Jens Daðasonar skipstjóra í Bolungarvík og Gunnars Torfasonar sjávarútvegsfræðings á Ísafirði.

„Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans annaðist sölu þrotabúsins í umboði skiptastjóra. Tilhögun sölunnar var kynnt með auglýsingu 4. desember. Mikill áhugi var á eignunum og óskuðu 104 aðilar eftir gögnum um þær og bárust skiptastjóra 36 óskuldbindandi tilboð. Hæstbjóðendum var boðið að leggja fram bindandi kauptilboð, og bárust 5 tilboð þann 23. desember. Að undangengnu mati skiptastjóra á þeim tilboðum og áreiðanleika fjármögnunar tilboðsgjafa, var gengið til samningaviðræðna við Útgerðarfélagið Völustein ehf. og skrifað undir kaupsamning 29. desember," segir í tilkynningunni.

Útgerðarfélagið Völusteinn ehf. tekur við rekstri þrotabúsins frá og með áramótum. Eigendur hafa lýst því að reksturinn verði endurskipulagður strax í janúar, að fiskvinnslan verði áfram starfrækt í Hafnarfirði og að kappkostað verði að verja þau störf sem fyrir eru. Fyrir gerir Útgerðarfélagið Völusteinn út línubátinn Hrólf Einarsson ÍS 255 frá Bolungarvík. Með kaupum Útgerðarfélagsins Völusteins ehf. á rekstri og eignum þrotabús Festar verða aflaheimildir fyrirtækisins 1.988 þorskígildi.

Bolungarvík.

Tæpar 29 milljónir til Vestfjarða vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

Tæpar 29 milljónir koma í hlut vestfirskra sveitarfélaga við úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2010. Samgönguráðuneytið hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem lagt er til að áætlun um úthlutun framlaga, nemi samtals um 1.383 milljónum króna. Annars vegar er um að ræða áætlað framlag til Reykjavíkurborgar að fjárhæð 650 milljónir króna á grundvelli samnings vegna rekstrs sérskóla/sérdeilda, sem áður voru rekin af ríkinu, en hins vegar er áætlað framlag að fjárhæð um 733 milljónir vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri í öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg.

Mest kemur í hlut Ísafjarðarbæjar við úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna sérþarfa fatlaðra nemenda og nýbúafræðslu á árinu 2010. Myndin er af stærsta skóla sveitarfélagsins, Grunnskólanum á Ísafirði.

Á Vestfjörðum kemur mest í hlut Ísafjarðarbæjar eða 12,8 milljónir. Því næst kemur Bolungarvík sem fær rúmar fjórar milljónir í sinn hlut, Vesturbyggð og Súðavíkurhreppur fá bæði 3,2 milljónir. Tálknafjarðarhreppur fær rúma milljón og Kaldrananeshreppur og Strandabyggð fær hvort um sig rúmar tvær milljónir. Ráðgjafarnefndin leggur til að áætlun um úthlutun framlaga vegna nýbúafræðslu árið 2010 nemi tæpum 140 milljónum og þar af fara 4,5 milljón til Vestfjarða. Mest fer til Ísafjarðarbæjar eða 2,4 milljónir en því næst kemur Bolungarvík sem fær 880.000 krónur. Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð fá hvort um sig 440.000 og Súðavíkurhreppur 330.000 krónur.

Frá þessu er greint á vef samgönguráðuneytisins. Þar kemur fram að áætlað er að ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu almennra framlaga til reksturs grunnskóla muni lækka um 3% milli áranna 2009 og 2010. Stefnt er að því að áætlun um úthlutun almennra framlaga eftir sveitarfélögum liggi fyrir í byrjun janúar 2010.

Fjölmenning gæti nýst við atvinnusköpun

Hin mörgu þjóðerni, sem nú má finna á Vestfjörðum, kunna að fela í sér möguleika til atvinnusköpunar og þróunar, t.d. á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina. Þetta kemur fram í fylgiriti Byggðastofnunar með tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013. Þar kemur fram einnig fram að sóknarfæri felast í uppbyggingu rannsókna- og menntastofnana í tengslum við fyrirtæki í hefðbundnum atvinnugreinum og tengdum greinum svo sem eldi sjávardýra. Í ritinu er bent á að ferðaþjónusta er vaxandi og víða öflug á Vestfjörðum. Eru þar Strandir teknar sem dæmi og þá sérstaklega Galdrasetrið á Hólmavík sem dæmi um velheppnaða nýsköpun á því sviði.

„Gistirými er hins vegar veiki hlekkurinn víða, auk skorts á afþreyingu fyrir ferðamenn. Þá má og nefna samgönguörðugleika. Tækifæri eru m.a. talin felast í náttúrulegum aðstæðum, s.s. sjóstangaveiði, auk þess sem menn sjá mikil tækifæri á Hólmavík og nágrenni og vilja frekari uppbyggingu tengda ferðaþjónustu," segir í ritinu.

Í ritinu er jafnframt bent á að forsætisráðherra skipaði á árinu 2007 nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Nefndin taldi fimm atriði skipta höfuðmáli til að bæta aðstæður og öryggi til búsetu og atvinnuuppbyggingar en það eru samgöngur, farsími og háhraði, öryggi í raforkumálum, efling menntunar, rannsókna og nýsköpunar og efling annarrar opinberrar þjónustu. Ýmsar framfarir hafa orðið á þessum sviðum eins og fram kemur í ritinu:

„Stofnað hefur verið Háskólasetur Vestfjarða og Þróunarsetur á Ísafirði, gerður Vaxtarsamningur Vestfjarða og Menningarsamningur Vestfjarða (25 mkr. á ári). Á Vestfjörðum hafa verið áætlaðar vegaframkvæmdir fyrir 10 milljarða króna á næstu árum, fjarsíma- og háhraðaframkvæmdir og framkvæmdir við snjóflóðavarnir fyrir 2,5 milljarða króna. Lögð er til niðurgreiðsla flutningskostnaðar, að auka öryggi raforkuflutninga, að efla menntun, rannsóknir og nýsköpun undir faglegri forystu Háskólaseturs Vestfjarða. Lögð er höfuðáhersla á sjávarútvegs- og matvælasvið, mennta- og rannsóknasvið og menningar- og ferðaþjónustusvið. Lagðar eru fram tillögur um eflingu opinberrar þjónustu í 13 opinberum stofnunum.

Þá eru einnig nefndar sértækar aðgerðir sem sagðar eru ná til alls landsins, en það er að styrkja starfsemi rækjuvinnslustöðva, aðgerðir til flutningsjöfnunar og uppbygging olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum."

– thelma@bb.is

gegnum LINSUNA

Vegna síaukins áhuga almennings á ljósmyndun, hefur Bæjarins besta ákveðið að birta í vetur valdar myndir eftir hina fjölmörgu áhugaljósmyndara á Vestfjörðum. Þeir sem vilja leyfa lesendum blaðsins að sjá verk sín er bent á að senda þær í prentgæðum á netfangið *bb@bb.is* ásamt stuttum texta og ljósmynd af höfundi. Áhugaljósmyndari vikunnar er Baldur Páll Hólmgeirsson.



Sveddi töff: Félaga mínum vantaði töffaramyndir af sér og græddi ég þá smá ljósaæfingu. Ég held að það sé óhætt að segja að hann sé alveg mega-töff í þessari útkomu. Myndvinnslan fór eingöngu fram í Adobe Lightroom. Fyrirsætutöffarinn er Sverrir Örn Rafnsson. **Myndavél:** Canon EOS 5D. **Linsa:** Canon EF 85 mm f/1.8. **Ljósop:** f/13. **Hraði:** 1/160 sek. **ISO:** 100.

Fjölmenni á brennu á Hauganesi

Fjölmenni sótti áramótabrennu Ísfirðinga á Hauganesi við Skutulsfjörð á gamlárskvöld. „Þetta heppnaðist mjög vel. Við fengum meiriháttar veður, það var logn og hellingur af fólki“, segir Hagalín Ragúelsson brennustjóri. Harmónikkutónar ómuðu á Hauganesi þar sem Ásgeir Sigurðsson og Einar Hreinsson léku á nikkur sínar og að sögn Hagalíns myndaðist mikil stemning. Brennan samanstóð eingöngu af trébrettum í þetta sinn. Hagalín tók við brennustjórninni af Sigurði Sveinssyni sem lengi hefur stýrt brennu Ísfirðinga um árabil en hann hefur komið að brennunni í 70-80 ár.

„Nei ég var ekki brennustjóri í þetta sinn, maður er orðinn svo gamall að það er ekkert hægt að nota mann í þetta“ sagði Sigurður er blaðamaður hringdi til að spyrja hvernig brennuhaldið hafi farið fram. Er leið á brennuna stóð Björgunarfélag Ísafjarðar fyrir flugeldasýningu sem naut sín sérstaklega vel á heiðskíru kvöldinu undir fullu tungli.

Ekki er vitað til þess að áramótabrennur hafi verið haldnar hér á landi fyrr en á ofanverðri 18. öld að því er fram kemur á Vísindavefnum. Fyrir þann tíma var timbur og annar eldiviður einfaldlega of dýrmætur til að honum mætti sóa í slíkt. Allra fyrsta dæmið er frá árinu 1791 þegar skólapiltar úr Hólavallaskóla í Reykjavík söfnuðu saman tunnum og öðru timburrusli og kveiktu í á hæð sem þeir kölluðu Vulcan. Hæðin sem um ræðir er sennilega Landakotshæð. Rúmum 50 árum síðar virðast áramótabrennur (og reyndar þrettándabrennur) vera orðnar nokkuð algengar. *– thelma@bb.is*

Kveikt var í myndarlegri brennu á Hauganesi.

Skötuselur með kastalaosti

Sælkeri vikunnar býður upp á skötuselsrétt sem hún fékk upphaflega úr Pastaréttum. Í eftirrétt býður hún upp á frosna ávaxtaköku.

Skötuselur með kastalaosti
400 g skötuselur
Matarolía til steikingar
Salt
Pipar
1/2 blaðlaukur
4 sneiðar beikon
2 fiskiteningar
2 1/2 tsk túrmerik (kúrkúma)
2 tsk karrý
4 dl vatn
2 tsk engiferrót,
2 til 3 hvítlauksrif
2 1/2 dl rjómi
sósujafnari
300 g pastaskeljar
300 g rækjur
125 g kastalaostur

Skerið fiskinn í litla bita og snöggsteikið hann í matarolíu kryddið með salti og pipar, takið fiskinn af pönnunni og leggið til hliðar. Skerið blaðlauk og steikið ásamt beikoni. Leysið fiskiteningana upp í vatninu og hellið út á pönnuna, kryddið með túrmeriku, karrí , engifer og söxuðum hvítlauk, hellið rjómanum út í og hleypið upp suðu. Bragðbætið með salti og pipar eftir smekk, þykkið sósuna með sósujafnara. Sjóðið pastað samkvæmt leiðbeiningum á pakka. Setjið steikta fiskinn út í sósuna ásamt pasta og rækjum. Sneiðið kastalaostinn og setjið ofan á og látið hann bráðna. Borið fram með brauði og salati.

Frosin ávaxtakaka
100 g makkarónukökur
1 1/2 dl appelsínusafi
1 appelsína
2 epli
3 litlir bananar
100 g suðusúkkulaði
100 g döðlur

Mylja makkarónukökurnar og látið í fat með börmum, hellið appelsínusafa yfir kökurnar. Afhýða appelsínurnar, eplin og bananna skerið í bita. Saxið súkkulaðið, döðlur og pekanhnetur blandið öllu saman og dreifið yfir makkarónukökurnar. Setjið álpappír yfir fatið og frystið. Tekið út 2 tímum áður en kakan er borin fram, afhýðið og sneiðið kíví ávextina og skreytið kökuna með því. Borið fram með þeyttum rjóma eða ís.

Ég skora á Rebekku Rut Rúnarsdóttur í Hnífsdal að vera næsti Sælkeri vikunnar.

Sælkerinn

Sælkeri vikunnar er Sædís Ingvarsdóttir á Ísafirði.

Ungir sem aldnir hafa gaman af því að kveðja gamla árið með því að fara á brennu.

Lagið var að sjálfsögðu tekið við undirleik harmonikkunnar.

Brennunni lauk með glæsilegri flugeldasýningu.

NÆSTUM ANNAR HVER HLÝTUR VINNING

- Um **36.000** manns fá vinning á hverju ári – **frá 5.000 kr. upp í 75 milljónir**
- **70%** tekna fara til miðaeigenda sem vinningar – **700 kr. af hverjum 1.000 kr.**
- Um **800 milljónir** voru greiddar út í vinninga á síðasta ári
- Trompmiði **fimmfaldar** vinningsupphæðina – **5 milljónir kr. verða að 25 milljónum**
- Yfir **20 háskólabyggingar** hafa verið byggðar fyrir happdrættisfé
- Dregið er **tvisvar í mánuði** **Þú getur því átt von á milljónum hálfsmánaðarlega**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL VINNINGS

PIPAR\TBWA • SÍA

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni*.

*Ísafjörður: Íslandspóstur hf., Hafnarstræti 9 | Baldur Vilhelmsson, Vatnsfirði | Suðureyri: Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalgötu 8 | Flateyri: Sparisjóður Vestfirðinga, Ránargötu 1
Þingeyri: Margrét Guðjónsdóttir, Brekkugötu 46 | Bolungarvík: Guðríður Benediktsdóttir, Holtastíg 18 | Súðavík: Sparisjóður Vestfirðinga, Grundarstræti 3-5